

## Fundargerð

**Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 176. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, mánudaginn 19. september 2022, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,  
Anna Dóra Sæpórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurþings,  
Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,  
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlaþings,  
Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaganna,  
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, verkefnastjóri skjalamála og skrifstofuþjónustu,  
Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mannauðsmála.

### 1. Auglýsing vegna skipunar framkvæmdastjóra - 2205047

Fyrir fundinum lágu gögn vegna næstu skrefa vegna skipunar í stöðu framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs.

*Stjórn samþykkir framlagða tillögu varðandi ráðningarferli.*

*Samþykkt að formaður stjórnar, formaður svæðisráðs norðursvæðis, fulltrúi náttúruverndarsamtaka og ráðgjafi Hagvangs myndi ráðningateymi sem vinni málið áfram í samræmi við samþykkt ráðningarferli.*

*Stjórn samþykkir eftirfarandi tillögu um vægi einstakra menntunar- og hæfnisþátta við mat á umsóknum.*

*Menntunar- og hæfniskröfur*

- 15 - Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi*
- 20 - Árangursrík reynsla af stefnumiðaðri stjórnun, rekstri og teymisvinnu*
- 15 - Þekking og áhugi á náttúruvernd*
- 10 - Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg*
- 15 - Hæfni til að leiða árangursríkt samstarf ólíkra hagaðila og leysa úr ágreiningsmálum*
- 10 - Framúrskarandi samskiptanæmni*
- 5 - Framsækni og frumkvæði í vinnubrögðum*
- 5 - Gagnrýnin og umbótamiðuð hugsun*
- 5 - Góð færni í ræðu og riti á íslensku og ensku*

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 14:00.